



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2021.

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við afneitun helfararinnar), þskj. 772, 453. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið enda mega vöðaverk nasista í seinni heimsstyrjöldinni sem beindust gegn fólki vegna trúarbragða þeirra, fötlunar, kynhneigðar og þjóðernisuppruna aldrei falla í gleysku. Slíkir glæpir gegn mannkyni eiga sér rót í hatri, fordómum, mismunun og sannfæringu um yfirburði.

Eins og ástandið í veröldinni í dag þar sem stöðugt þrengir að mannréttindum ýmissa hópa og lýðskrum og falsfréttir ýta undir fordóma, staðalmyndir og hatur, er ekki síst mikilvægt að líta til helfararinnar og aðdraganda hennar, enda mega þeir vöðaatburðir aldrei í þagnargildi liggja fremur en önnur þjóðarmorð og glæpir gegn mannkyni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri